

4. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 11. ágúst 2010, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Fræðslunefndar frá 17. maí 2010
 - b) Bs. um menningu og atvinnumál frá 22. júlí 2010
 - c) Bs. um menningu og atvinnumál frá 26. júlí 2010
 - d) Stjórnar Norðurár bs. frá 18. maí 2010
 - e) Stjórnar Norðurár bs. frá 26. maí 2010
 - f) Stjórnar Norðurár bs. frá 19. júní 2010
 - g) Stjórnar Norðurár bs. frá 18. júní 2010
 - h) Stjórnar Norðurár bs. frá 21. júní 2010
 - i) Stjórnar Norðurár bs. frá 24. júní 2010
 - j) Stjórnar Norðurár bs. frá 6. júlí 2010
2. Bréf frá Heimilisiðnaðarsafninu dags. 13. júlí 2010
 3. Bréf frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 28. júlí 2010
 4. Erindi frá Samvinnunefnd A-Hún frá 20. júlí 2010
 5. Atvinnumál
 6. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

Formaður bæjarráðs benti á að dagsetning fundargerðar fræðslunefndar í dagskrá sé röng og eigi að vera 21. júlí 2010.

1. Fundargerðir:

- a) **Fræðslunefndar frá 21. júlí 2010**
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- b) **Bs. um menningu og atvinnumál frá 22. júlí 2010**
Lögð fram til kynningar.
- c) **Bs. um menningu og atvinnumál frá 26. júlí 2010**
Lögð fram til kynningar.
- d) **Stjórnar Norðurár bs. frá 18. maí 2010**
Lögð fram til kynningar.
- e) **Stjórnar Norðurár bs. frá 26. maí 2010**
Lögð fram til kynningar.
- f) **Stjórnar Norðurár bs. frá 19. júní 2010**
Lögð fram til kynningar.

g) Stjórnar Norðurár bs. frá 18. júní 2010

Lögð fram til kynningar.

h) Stjórnar Norðurár bs. frá 21. júní 2010

Lögð fram til kynningar.

i) Stjórnar Norðurár bs. frá 24. júní 2010

Lögð fram til kynningar.

j) Stjórnar Norðurár bs. frá 6. júlí 2010

Lögð fram til kynningar.

2. Bréf frá Heimilisiðnaðarsafninu dags. 13. júlí 2010

Stjórn Heimilisiðnarfélagsins þakkar bæjarstjórnarfulltrúum og mökum þeirra sem voru viðstödd afhendingu safnaverðlaunanna á Bessastöðum þann 11. júlí sl.

Bæjarráð vill þakka hlýjar kveðjur.

3. Bréf frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 28. júlí 2010

Starfshópur sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði í febrúar 2009 til að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hefur nú lokið störfum. Hægt er að kynna sér efni skýrslunnar á vef ráðuneytisins.

Lagt fram til kynningar.

4. Erindi frá Samvinnunefnd A-Hún frá 20. júlí 2010

Tekið fyrir bréf frá Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu dags. 20. júlí 2010 s.l. varðandi breytingu á svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016. Á auglýsinga- og kynningartíma bárust athugasemdir frá 4 aðilum og hafa svör samvinnunefndar verið send til þeirra sem athugasemdir gerðu og verður niðurstaða samvinnunefndarinnar auglýst, sbr. 3. mgr. 13. skipulags- og byggingarlaga. Bæjarráð Blönduósbæjar leggur til að breyting á Svæðisskipulagi A-Hún, verði samþykkt.

5. Atvinnumál

Formaður bæjarráðs greindi frá fyrirhuguðum fundi með ráðherra heilbrigðismála í lok ágúst. Bæjarráð samþykkir að fulltrúar Bs. um menningu og atvinnumál muni ásamt fulltrúum bæjarráðs sækja fundinn.

6. Önnur mál

a) Skólaakstur

Í sumar bárust tilboð frá 2 aðilum í skólaakstur Grunnskólans á Blönduósi. Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við lögstjóðanda á grundvelli þeirra forsendna sem koma fram í útboðsgögnum.

b) Íbúðarmál

Bæjarráð samþykkir að setja eina fasteign sem er að losna úr leigu í sölumeðferð.

c) Erindi frá Jónasi Skaftasyni frá 22. júlí 2010

Óskað er eftir fundi með bæjarráði.

Bæjarráð samþykkir erindið.

d) Tillögur frá Oddnýju M. Gunnarsdóttur

Tillaga:

Fulltrúi S-lista óskar eftir að tekin verði til umræðu launatafla bæjarfulltrúa fyrir yfirstandandi kjörtímabil á næsta bæjarstjórnarfundi.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga:

Þar sem ekki var gefinn kostur á umræðu um ráðningarsamning bæjarstjóra á fundi bæjarstjórnar þann 15. júní sl. óskar fulltrúi S- lista eftir að samningurinn verði tekinn til umræðu á næsta bæjarstjórnarfundi m.a. með tilliti til fullyrðinga forseta bæjarstjórnar Ágústar Þórs Bragasonar í viðtali við Ríkisútvarpið 4. ágúst 2010 um aukna vinnuskyldu bæjarstjóra.

Tillagan borin upp. Tillagan felld með tveimur atkvæðum gegn einu.

Undirritaðir benda á að á bæjarstjórnarfundi þann 15. júní sl. var gengið frá ráðningarsamningi við bæjarstjóra. Á þeim fundi voru lögð fram öll þau gögn er varðar ráðningu bæjarstjórans.

Kári Kárason – L-lista

Zophonías Ari Lárusson – L-lista

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:30

Kári Kárason (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)